

Hverju skipta sjálfboðaliðar fyrir íslensk félagasamtök?¹

Ómar H. Kristmundsson, prófessor við Háskóla Íslands og Steinunn Hrafnadóttir, dósent við Háskóla Íslands

Útdráttur

Lýst er niðurstöðum rannsóknar á mikilvægi sjálfboðaliða sem auðlindar fyrir félagasamtök í velferðarþjónustu á Íslandi. Viðfangsefnið snýr að alþjóðlegri fræðilegri umræðu um hlutverk sjálfboðaliða innan félagasamtaka. Sú umræða hefur fram að þessu beinst meira að framboði sjálfboðastarfs fremur en eftirspurn félagasamtaka eftir slíku framlagi. Rannsókninni er ætlað að bæta úr þörf á að greina hvernig félagasamtök nýta sér sjálfboðaliða. Notast er við tvö gagnasöfn höfunda, spurningakönnun sem gerð var meðal þorra starfandi félaga í velferðarþjónustu 2011 á Íslandi og könnun á heimasíðum þeirra 2013. Á niðurstöðum rannsóknarinnar verður ekki séð að framlag sjálfboðaliða sé mikilvægur hluti af starfsemi þorra velferðarfélaga á Íslandi. Hlutverk sjálfboða er afmarkað við stjórnarsetu og tímabundin átaksverkefni, eins og fjáraflanir. Það er háð stærð og meginhlutverki félaganna hversu mikið sjálfboðaliðar koma að öðrum verkefnum. Framlag sjálfboðaliða minnkar eftir því sem starfsfólk er fleira og vægi þeirra er minna hjá félögum í þjónustustarfsemi en meðlimamiðuðum félögum og baráttusamtökum. Niðurstöður eru í samræmi við erlendar rannsóknir, m.a. varðandi áhrif fagvæðingar á starfsemi félagasamtaka. Niðurstöðurnar eru ekki síst athyglisverðar með hliðsjón af vísbendingum um að áhugi fólks á að leggja fram vinnuframlag sitt til góðra málefna án endurgjalds hafi ekki breyst á undanförunum áratugum. Þetta leiðir til spurninga um það hversu vel hefðbundið félagsform mæti þörfum samfélagsins fyrir sjálfboðastörf.

Efnisorð: Sjálfboðaliðar; félagasamtök; þriðji geirinn.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 9, Issue 2 (567-584)

© 2013 Contact: Ómar H. Kristmundsson, omarhk@hi.is

Article first published online Desember 19th 2013 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórnmál & stjórnsýsla 2. tbl., 9. árg. 2013 (567-584) (Fræðigreinar)

© 2013 Tengiliður: Ómar H. Kristmundsson, omarhk@hi.is

Vefbirting 19. desember 2013 – Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI: <http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2013.9.2.16>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

What is the value of volunteers for non-profit organizations?

Abstract

A study on the value of volunteers as resources for non-profit organizations in welfare services in Iceland is described. The topic relates to an international academic discussion on the volunteer function within non-profit organizations. The discussion has until now focused more on the supply of volunteers than demand. This article is to meet the need for analysis of how non-profit organizations use volunteers as resources. The study is based on the authors' database from 2011 on the majority of active non-profit organizations in welfare services in Iceland and an analysis of their respective web sites in 2013. It is concluded that even though volunteers exist within most non-profits, their role cannot be considered essential and is limited to governance boards and time-limited activities, such as fund raising. The level of activity of volunteers depends on the operational size and the role of the organization. Their input decreases with increased number of paid staff and their activity is less within non-profit service providers than member oriented and campaign organizations. The finding is in harmony with international research, for example on the effects of professionalization within the third sector. The research conclusion is noteworthy having in mind international research which indicates that the interest of the general public to become volunteers has essentially not changed in the past decades. The current findings raise the issue of how well traditional organizations of non-profits meet the needs of the public for volunteering.

Keywords: Volunteers; non-profit organizations; third sector.

Inngangur

Eitt af meginéinkennum félagasamtaka er sjálfböðið starf. Umfang og eðli þess er háð sögulegum og samfélagslegum þáttum. Á sl. áratugum hafa komið fram vísbendingar um að breytingar hafi átt sér stað á þátttöku fólks í félagasamtökum (Putnam, 2000; Hustinx, Handy & Cnaan, 2010). Samhliða hafi átt sér stað eðlisbreytingar á félagasamtökum sem lýsa sér í að eldri fjöldahreyfingar sem byggðu á starfi sjálfböðaliða hafi breyst í rekstrarfélög fagfólks sem sinna opinberri þjónustu við hlið stofnana hins opinbera (Skocpol, 2003). Til að skýra þessa þróun hefur fræðileg umræða ekki síst beinst að ástæðum þess að fólk gerist sjálfböðaliðar og þá orsökum þess að sá áhugi hafi dvínað. Minna hefur farið fyrir umfjöllun um hvernig félagasamtök nýta sér sjálfböðaliða í verkefnum sínum og hvert sé mikilvægi þeirra í samanburði við aðrar auðlindir félagasamtaka. Hér eru kynntar niðurstöður rannsóknar þar sem reynt er að mæta þörf á greiningu á þessu viðfangsefni. Sjónum er beint að félagasamtökum sem starfa að velferðarmálum á Íslandi.

Með félagasamtökum er hér átt við ófjárhagsleg félög (e. non-profit) sem byggja á frjálsri aðild og að einhverju leyti á framlagi sjálfböðaliða. Þetta eru formlegar skipulagsheildir, sem stjórna málum sínum sjálfar og geta ekki, skv. hefð eða lögum, úthlutað tekjuafgangi til eigenda eða stjórnenda samtakanna og eru aðskildar frá hinu opinbera

(United Nations, 2003, 16). Starf félagasamtaka byggist oftast á grunnildum og lífsviðhorfum þar sem markmiðið er að vinna að umbótum í þágu almennings og samfélagsins (Steinunn Hrafnisdóttir, 2006). Þetta á ekki síst við um þau félagasamtök sem hér eru til umfjöllunar, það er líknar- og góðgerðarfélög sem veita fjárhagslegan- og félagslegan stuðning til skjólstaðinga, sjálfshjálpar- og sjúklingafélög, félög sem hafa réttindamál skjólstaðinga að meginviðfangsefni og félög- og sjálfseignarstofnanir sem reka félags- og heilbrigðisþjónustu, svo sem hjúkrunarheimili, búsetuúrræði og endurhæfingu.

Með hugtakinu „sjálfboðaliðar“ er almennt átt við þá sem leggja fram vinnu sína sjálfviljugir í þágu málefnis, án þess að þiggja laun fyrir. Algengast er að þeir starfi innan ákveðins skipulags, svo sem félags og vinni verkefni sem beinast að öðrum en eigin fjölskyldu (Steinunn Hrafnisdóttir, 2008). Þannig geta sjálfboðastörf annað hvort beinst út á við, svo sem í þágu skjólstaðinga líknarfélags eða inn á við með ráðgjöf og stuðningi til félagsmanna.

2. Auðlindir félagasamtaka

Án auðlinda (e. resources) geta skipulagsheildir ekki starfað. Með hliðsjón af skilgreiningum Barney (1991), Yuctman og Seashore (1967) og Grant (1991) eru auðlindir hér skilgreindar sem allt það sem skapar skipulagsheild sérstöðu og styrkleika gagnvart starfsumhverfi sínu, svo sem eignir, sérstakir eiginleikar og þekking. Á grunni algengrar flokkunar auðlinda (sjá yfirlit Kraaijenbrink og Groen 2008) eru flokkarnir fjórir: Mannauður (e. human capital), það er sjálfboðaliðar og launað starfsfólk; efnislegar auðlindir (e. physical resources), svo sem tæki, byggingar, efni o.s.frv., óáþreifanleg eða óefnisleg verðmæti (e. intangible assets, complementary assets, reputational assets), sem lúta að þáttum svo sem orðspori, viðskiptavild, ímynd, vörumerki og formi skipulagsheildar og að lokum fjárhagslegar auðlindir (e. financial resources), sem eru tekjur af eignum en einnig viðskiptatekjur í tilviki félagasamtaka þar sem um er að ræða skipulagsheildir sem nýta sér tekjur til að ná fram ófjárhagslegum markmiðum sínum.

2.1 Sjálfboðaliðar sem auðlind

Sjálfboðaliðar geta skv. framangreindri flokkun talist til mannauðs félagasamtaka ásamt launuðum starfsmönnum eða óbeint átt þátt í að skapa óáþreifanleg verðmæti með þátttöku sinni, svo sem með sköpun ímynda og viðskiptavilda. Hið fyrra lýtur að verkefnum sem skipta má í tvo flokka (sjá töflu 1). Annars vegar eru þau sem lúta að stjórnun félags og tengdum verkefnum (svonefndu ákvörðunarvaldi, e. governance) og hins vegar eru verkefni sem falla undir framkvæmd verkefna (management, implementation, sjá Ómar H Kristmundsson, 2008).

Tafla 1. Verkefni sjálfbodaliða innan íslenskra velferðarfélag

Meginhlutverk	Skilgreining	Verkefni	Skilgreining og dæmi
Stjórnun og tengd verkefni	Verkefni stjórnar, fastanefnda og tímabundinna starfshópa sem falla undir ákvörðunarvald félags (e. governance). Í því felst öll meiri háttar ákvarðanatata og undirbúningur hennar.	Seta í stjórn félags. Seta í fastanefndum félags. Seta í tímabundnum starfshópum.	Með setu á stjórnarfundum, undirbúningi þeirra og annarra verkefna stjórnarmanna er þeim að forminu til ætlað að taka allar meiri háttar ákvarðanir innan félagsins, vinna að stefnumótun, sinna eftirliti, afla féluginu stuðnings, ráða framkvæmdastjóra o.fl. Það er háð stjórnskipulagi félags og rekstrarumfangi hvort auk stjórnar starfi aðrar fastanefndir svo sem framkvæmdaráð, fulltrúaráð, ráðgjafarhópar og ýmsar aðrar starfsnefndir með afmörkuð hlutverk. Dæmi um starfsnefndir eru fjóröflunarnefndir félaga. Þátttaka í verkefnisstjórnun og öðrum starfshópum sem er ætlað að vinna að afmörkuðum verkefnum tímabundið og varða ekki framkvæmd verkefna og ekki eru unnin af stjórn eða öðrum fastanefndum. Dæmi eru starfshópar sem vinna að mótun og þróun verkefna félags, endurskoðun verkefna og mótun nýrra, undirbúningur átaksverkefna o.s.frv.
Vinna við framkvæmd verkefna	Verkefni sem félaginu er ætlað að framkvæma skv. markmiðum og ákvörðun stjórnar.	Fasta-verkefni. Átaks-verkefni.	Hin daglegu verkefni félagsins sem er sinnt af sjálfbodaliðum og/eða launuðum starfsmönnum. Dæmi um verkefni í þessum flokki sem er sinnt að öllu eða mestu leyti af sjálfbodaliðum er símsvörin hjá Hjálparsíma Rauða krossins, störf hjálparseita Landsbjargar og starf innan AA deilda. Tímabundin verkefni sem sjálfbodaliðar vinna að, annars vegar sjálfbodaliðar sem einnig starfa innan félagsins jafnvel í fastaverkefnum og hins vegar þeir sem taka þátt í slíkum verkefnum tímabundið en eru ekki endilega tengdir félaginu að öðru leyti. Dæmi er fjóröflunarátak Krabbameinsfélagsins og SÁÁ.

Stjórnun félags er í höndum stjórnar félagasamtaka, sem kosnar eru á aðalfundum þar sem almennir félagsmenn, þ.á m. sjálfbodaliðar, hafa atkvæðisrétt. Stjórnirnar hafa þá sams konar hlutverk og stjórnir fyrirtækja og stofnana. Lýðræðisleg vinnubrögð eru tryggð m.a. með þátttöku á opnum vettvangi meðlima, svo sem aðalfundi, sem hefur endanleg völd og tekur meiriháttar ákvarðanir um málefni félagsins. Þetta fyrirkomulag er þó ekki ætíð raunin. Ástæðan er m.a. „lýðræðishalli“, sem getur birst í því að stjórnir eru óvirkar og þeim í raun ætlað að staðfesta ákvarðanir framkvæmdastjóra og annarra launaðra starfsmanna. Sjálfbodaliðar stýra því félaginu eingöngu að forminu til (Ómar H. Kristmundsson 2008). Þrátt fyrir þetta eru hin lýðræðislegu einkenni engu að síður mikilvæg til að sýna fram á sérstöðu félagasamtaka í samanburði við opinberar stofnanir og hefðbundin fyrirtæki. Þau vísa einnig til umfangsmikillar fræðilegrar og hagnýtrar

umræðu um félagsauð og samfélagsþátttöku (sjá t.d. Putnam, 2000; Coleman, 1988; Bordieu, 1986).

Auk stjórnarsetu geta sjálfbodaliðar unnið að öðrum föstum verkefnum svo sem setið í fastanefndum og tímabundnum starfshópum (sjá dæmi í töflu 1) og sinnt verkefnum sem lúta að undirbúningi stefnumála eða framkvæmd eftirlits stjórnar. Mikilvægt hlutverk sjálfbodaliða í slíku starfi getur falist í því að móta framtíðaráherslur þar sem þeir þekkja það samfélag sem þeir eru hluti af. Einnig geta sjálfbodaliðar unnið að sérstökum tímabundnum átaksverkefnum svo sem fjáröflunum. Framkvæmd verkefna, svo sem þjónustu við skjólstaðinga, er unnin undir stjórn annarra sjálfbodaliða eða launaðra starfsmanna. Í félögum með fáum eða jafnvel engum launuðum starfsmönnum er eðli málsins samkvæmt vinna við framkvæmd verkefna að mestu í höndum sjálfbodaliða.

Sömu sjálfbodaliðarnir geta verið í margvíslegum hlutverkum innan félags. Sami aðili getur unnið að framkvæmd verkefna (svo sem veitt heimilisláusum aðstoð), unnið að stefnumótun (svo sem með setu í starfshópi sem vinnur að því að greina þarfir markhópa) og setið í stjórn og öðrum starfseiningum sem taka meiri háttar ákvarðanir (svo sem stjórn, fulltrúaráði, framkvæmdastjórn). Þetta á sérstaklega við um „ung“ félög. Þessi ólíku hlutverk sjálfbodaliða auka flækjustig í stjórnskipulagi félags (Anheier 2005).

Sýnt hefur verið fram á að tiltekin sérkenni félagasamtaka hafa áhrif á hlutverk sjálfbodaliða innan félags (Ómar H Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir 2011). Það eru ekki síst tveir þættir sem hafa hér áhrif, annars vegar meginmarkmið og hins vegar rekstrarumsvif eða stærð félaga. Þekkt flokkun á grundvelli meginmarkmiða (e. function) var sett fram af Charles Handy (1988) og þróuð áfram af Mike Hudson (2002). Skv. henni geta félagasamtök verið þrenns konar:

- *Félög sem að mestu leyti sinna beinni þjónustu við skjólstaðinga.* Hér getur t.d. verið um að ræða hjúkrunarheimili, búsetuúrræði fyrir fatlað fólk, athvörf o.s.frv. Algengast er að þessi þjónusta sé a.m.k. að hluta styrkt af hinu opinbera með þjónustusamningum og verkefni unnin af launuðum starfsmönnum. Sjálfbodastörf eru óveruleg og þá að mestu bundin við stjórnarsetu.
- *Meðlimamíðuð félög,* sem eins og nafnið gefur til kynna, beinast að meðlimum félagsins svo sem sjúklingafélög og sjálfshjálparhópar. Slík félög byggja að jafnaði á öflugum sjálfbodastarfi og lágu hlutfalli launaðra starfsmanna og eru að litlu leyti fjármögnuð af hinu opinbera.
- *Félög sem sinna bagmunabaráttu* af einhverju tagi svo sem réttindabaráttu. Mismunandi er hve mikið sjálfbodastarf er unnið innan slíkra hreyfinga, allt frá því að vera lítið og þá bundið við stjórnir félaga yfir í að ná til allra verkefna þeirra.

Algengt er að félög sinni fleiri en einu markmiði en oftast er þó um að ræða eitt meginmarkmið.

Unnt er að mæla rekstrarumsvif félaga með fjölda ársverka sem unnin eru af launuðum starfsmönnum. Algengt er að rekstrarumsvif aukist með hækkandi starfsaldri félags, verkefni verði fjölbreyttari og þjónustumiðaðri auk þess sem tekjusatsetning breytist þar sem aukin áhersla er á framlög frá hinu opinbera. Gera má ráð fyrir að fjölgun árs-

verka launaðra starfsmanna, þar á meðal sérhæfðra starfsmanna, geti dregið úr umfangi sjálfbodastarfs og fækkað þeim verkefnum sem þeir sinna (Russel & Scott, 1997).

Þrátt fyrir margvíslegan ávinning af framlagi sjálfbodaliða geta fylgt því ákveðnir ágallar sem vel hafa verið skilgreindir í fræðilegri umræðu (Anheier, 2005). Brestir sjálfbodinnar starfsemi (e. voluntary failure) lýsa sér m.a. í takmörkunum á getu sjálfbodaliða til að bjóða upp á nauðsynlegt magn og gæði þjónustu. Þetta skýrist af takmörkuðu og óstöðugu vinnuframlagi sjálfbodaliða sem oftast en ekki eru leikmenn á þjónustusviði félags (Studer & von Schurbein, 2013, Hustinx, Handy & Cnaan, 2010). Því er eðlileg tilhneiging hjá félagasamtökum að auka hlutfall launaðra sérhæfðra starfsmanna eftir því sem verkefni verða umfangsmeiri og flóknari. Sú gagnkvæmni sem felst í hefðbundnu ráðningasambandi launþega og vinnuveitanda varðandi réttindi og skyldur er ekki til staðar milli félags og sjálfbodaliða. Vinnuveitandi getur ráðið til sín aðila með þá réttu færni sem þörf er á hverju sinni, gert kröfu um að hann sinni starfi sínu samkvæmt kröfum en í stað þess veitt honum umbun í formi launa. Starfsmaður er skuldbundinn vinnuveitanda skv. ráðningasamningi. Vinnuframlag sjálfbodaliða er að jafnaði eingöngu brot af framlagi launþega, ekki er unnt að skuldbinda sjálfbodaliða til að sinna öðrum verkefnum en þeim sem hann hefur áhuga á og hann getur hætt störfum fyrirvaralítið. Ekki er unnt að gera kröfu um að sjálfbodaliðar vinni áhættusöm störf m.a. þar sem skaðabótaábyrgð er að jafnaði óljósari en í tilviki launþega.

Erfitt er að meta hvort félag skapi sér betri samkeppnisstöðu með starfi sjálfbodaliða. Ef um væri að ræða hefðbundna vöru eða þjónustu mætti færa fyrir því rök að rekstrarkostnaður félaga þar sem hluti vinnukraftsins er ólaunaður skiladi sér í lægra verði og þar af leiðandi betri samkeppnisstöðu. Málið er hins vegar flóknara í tilfelli félagasamtaka. Í fyrsta lagi er venjulega um að ræða vöru eða þjónustu sem ekki er seld eða þá eingöngu á lágmarksverði. Í öðru lagi felst viðbótarkostnaður í stjórnun og umsýslu sjálfbodastarfs.

Ekki er sjálfgefið að sjálfbodaliðar séu virkir meðlimir félags. Í átaksverkefnum eins og fjársöfnunum getur félag óskað sérstaklega eftir sjálfbodaliðum sem standa utan félagsins. Líklegt er að æ fleiri sem sinna sjálfbodastörfum séu ekki virkir meðlimir félags að öðru leyti. Með sama hætti er algengara en áður að einstaklingar veiti félagi fjárhagslegan stuðning án þess að vera skráðir félagar (Hustinx, Handy & Cnaan, 2010).

Ofangreind umfjöllun lýsir framlagi sjálfbodaliða sem hluta af mannauði félaga. Sjálfbodaliðar geta einnig stuðlað að sköpun óáþreifanlegra verðmæta sem skipt geta sköpum fyrir afkomu félagasamtaka. Þeir geta þannig verið nauðsynlegir til að tryggja markaðssvæði (e. niche) félagsins. Kenningar um „stofnvistfræði“ skipulagsheilda (e. population ecology) lýsa því hvernig skipulagsheildir finna sér markaðssvæði til að styrkja stöðu sína í samkeppni um auðlindir (sjá t.d. Hannan, Carroll & Pólos, 2003). Félagsformið, sem gerir ráð fyrir að sjálfbodaliðar komi að starfinu (sjá skilgreiningu í inngangi), getur skapað slíka sérstöðu ásamt ófjárhagslegum markmiðum starfseminnar og grunnildum. Áhersla á þessi einkenni getur aukið traust gagnvart starfseminni og viðskiptavild. Skv. þessari staðhæfingu þurfa félög að leggja áherslu á þátt sjálfbodaliða í starfi félagasamtakanna opinberlega, t.d. með auglýsingum og með því að nýta sjálfbodaliða í markaðs-

legum tilgangi til að afla annarra auðlinda svo sem styrkja frá einkaaðilum eða samninga við hið opinbera. Sjálfbóðaliðum er þannig

ætlað að skapa ímynd fremur en að vera hluti af þeim mannaúði sem kemur að framkvæmd verkefna eða daglegu starfi.

2.2 Aðrar auðlindir félagasamtaka og áhrif þeirra á framlag sjálfbóðaliða

Auk sjálfbóðaliða geta auðlindir félagasamtaka falist í launuðum starfsmönnum og tekjum sem gera þeim kleift að ná markmiðum sínum. Algengt er að skipta tekjum félagasamtaka í þrennt (Froelich 1999), í styrki og greiðslur á grundvelli þjónustusamninga frá ríki og sveitarfélögum, í framlög einkaaðila (þar á meðal framlög fyrirtækja, einstaklinga eða styrktarstjóða á vegum einkaaðila) og í sölu á vörum og þjónustu.

Styrkir og framlög á grundvelli þjónustusamninga eru með mikilvægustu tekjustofnum flestra velferðarféлага á Íslandi (Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir, 2011). Hér getur verið um að ræða þjónustusamninga til lengri tíma en eins árs t.d. við hjúkrunarheimili, árlega styrki á fjárlögum ríkisins eða skv. fjárhagsáætlun sveitarféлага og styrki úr samkeppnissjóðum sem ætlaðir eru til velferðarmála. Opinberir styrkir geta einnig verið óbeinir svo sem skattaívilnanir. Skv. nýlegri könnun Ómars og Steinunnar (2011) hafa verið gerðir fjölmargir þjónustusamningar við félagasamtök á sviði velferðarþjónustu hér á landi sem ýmist hafa verið formfesting á samstarfi sem þegar er fyrir hendi eða nýir samningar um velferðarþjónustu. Árið 2008 var um 60% af heildarútgjöldum félags- og tryggingamálaráðuneytisins ráðstafað til sveitarféлага og einkaaðila þar á meðal félagasamtaka. eru þá dregnar frá greiðslur bóta vegna einstaklingsbundinna réttinda (sjá heimild að ofan).

Áhrif slíkra samninga á starfsumhverfi félagasamtaka og hlutverk sjálfbóðaliða hefur verið töluvert rannsakað sérstaklega í engilsaxneskum löndum. Því meira fjármagn sem kemur frá ríki og /eða sveitarfélögum, þeim mun meiri kröfur eru gerðar til ábyrgðar og hæfni sjálfbóðaliða, störfin verða sérhæfðari, álagið meira og starfið fer að líkjast meira launuðu starfi (Lie & Baines, 2007).

Framlög einkaaðila geta verið á ýmis konar formi, einstakir styrkir fyrirtækja, styrkir úr samkeppnissjóðum stærri fyrirtækja t.d. fjármálastofnana eða einstaklingsframlög, þar á meðal framlög styrktarmedlima sem greiða reglubundið til félagsins. Félagsgjöld geta einnig verið mikilvægur tekjustofn. Gera þarf greinarmun á greiðslu félagsgjalda meðlima félags sem fylgja réttindi og skyldur og framlagi styrktarmedlima sem ekki fela í sér réttindi og skyldur.

Tekjur af sölu á vöru og þjónustu geta verið mikilvægur sjálfstæður tekjustofn, ekki síst þar sem þær eru ekki bundnar skilyrðum eins og þjónustusamningar við hið opinbera og því unnt að nýta þær í almennan rekstur (Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir, 2012). Dæmi eru tekjur af lottó, spilakössum og happdrætti, en einungis tiltölulega fá rótgróin félag hafa aðgang að þessum tekjustofnum. Tekjur geta verið óháðar markmiðum félaga og jafnvel haft neikvæð áhrif á ímynd þeirra (sjá Steinberg & Weisbrod, 1998). Sérstakar fjáraflanir geta skapað umtalsverðar tekjur fyrir félagasamtök en í slíkum átaksverkefnum geta sjálfbóðaliðar haft mikilvægt hlutverk. Slíkar

fjáraflanir eru hins vegar venjulega unnar af sérhæfðum aðilum annað hvort innan eða utan félagsins.

Í töflu 2 kemur fram yfirlit yfir þessa þrjú tekjustofna og hvernig þeir geta haft áhrif á félagasamtök almennt og sjálfbóðaliða eins og þeim hefur verið lýst í fræðigreinum. Samband milli þessara þátta verður skoðað í niðurstöðum.

Tafla 2. Áhrif annarra auðlinda á félagasamtök og framlag sjálfbóðaliða

<i>Tegund auðlinda</i>	<i>Dæmi</i>	<i>Almenn áhrif á félagasamtök ef auðlind skiptir miklu fyrir afkomu félags</i>	<i>Áhrif á framlag sjálfbóðaliða ef auðlind skiptir miklu fyrir afkomu félags</i>
Opinber framlög	Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili Samstarfssamningar um tiltekin verkefni Árlegir styrkir á fjárlögum/fjárhagsáætlun.	Aukin formfesta, stöðlun og umfangsmeira regluverk Oft umfangsmikil þjónusta sem er í höndum launaðra starfsmanna.	Framlag sjálfbóðaliða bundið við stjórnarsetu og aukaverkefni svo sem sérstakar fjáraflanir vegna framkvæmda. Hlutfall sjálfbóðaliða miðað við hvert ársverk launaðra starfsmanna getur orðið lítið.
Framlög einkaaðila	Styrkir fyrirtækja, þar á meðal einstök framlög, reglubundin framlög á grundvelli samstarfssamninga, greiðslur úr sérstökum samkeppnisjóðum. Styrkir einstaklinga, bæði einstakir styrkir svo sem vegna sérstakra fjársafnana, framlög styrktarmeðlima sem felur ekki í sér aðild, félagsgjöld meðlima sem felur í sér fulla aðild að félaginu.	Aukin markaðs- og þjónustuvæðing sem felur í sér sérhæfðari og afmarkaði vinnu launaðra starfsmanna. Hætta er á breytingum á markmiðum og áherslum miðað við upphaflegan tilgang (e. goal replacement).	Utan stjórnarsetu eru sjálfbóðaliðar í aukahlutverkum svo sem við sérstakar fjáraflanir, í aðstoðarverkefnum.
Sala á vörum og þjónustu	Sala á vörum t.d. vinnustaða fatlaðs fólks Sala á merkjum eða smáhlutum vegna sérstakra fjáraflana. Rekstur lottó og spilakassa.	Sömu áhrif hvað varðar framlög einkaaðila.	Sömu áhrif hvað varðar framlög einkaaðila.

Í samræmi við ofangreint má greina þrjú almenn einkenni samfara því að félög reiða sig meira á aðrar auðlindir en sjálfbóðaliða.

- *Regluvæðing og stöðlun.* Því meira fjármagn sem kemur frá ríki og /eða sveitarfélögum í formi þjónustusamninga, þeim ríkari kröfur eru gerðar til ábyrgðar og hæfni sjálfbóðaliða, störfín verða sérhæfðari og launað starfsfólk sinnir faglegru þjónustu í umtalsverðum mæli (Wilson, Hendricks, Smithies 2001; Lie & Baines, 2007). Þannig geta samtök þurft að breyta starfsemi sinni vegna aukinna krafna hins opinbera. Þetta getur leitt til þess að félagasamtök fari að líkjast opinberum stofnunum þar sem gerðar eru kröfur um flóknar verklagsreglur og stöðlun þjónustu með mælanlegum árangursmælikvörðum (Russel & Scott, 2007). Komið

hefur í ljós að félagasamtök hafa á stundum átt erfiðara með að laða sjálfbóðaliða að þessu formlega skipulagi (Buckingham, 2009).

- *Aukin markaðs- og viðskiptavæðing*. Áhersla félagasamtaka á framlög einkaaðila og sölu á vöru og þjónustu hefur verið einkennandi fyrir þróun þriðja geirans víða um heim á sl. áratugum (Young & Salamon, 2002; Enjolras, 2002). Þetta hefur m.a. orsakast af vaxandi samkeppni um hinar takmörkuðu auðlindir sem slík framlög fela í sér ekki síst á efnahagslegum samdráttarskeiðum þegar niðurskurður hefur verið á velferðarþjónustu. Hætta getur skapast á að breytingar verði á markmiðum félaga samfara markaðsvæðingu (Guo, 2006).
- *Aukin fagræðing og sérþæfing*. Samfara bæði reglu- og markaðsvæðingu getur hlutfall launaðra starfsmanna aukist, þar á meðal sérhæfðra starfsmanna. Dregið getur þá úr lýðræðislegum einkennum félaga en stað þess geta þau fengið yfirbragð stofnana eða fyrirtækja með einkenni fagræðis (e. professionalization). Skocpol (2003) kemst að þeirri niðurstöðu í greiningu sinni að þessi þróun hafi einkennt breytingar á félögum í Bandaríkjunum. Sambærileg einkenni má greina meðal íslenskra velferðarfélaga (Ómar H Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir 2011).

Með hliðsjón af ofangreindu má líta svo á að staða sjálfbóðaliða gagnvart öðrum auðlindum geti verið ferns konar:

- Sjálfbóðaliðar séu ómissandi hluti félagasamtaka í sjálfu sér og án tillits til annarra auðlinda sem þau hafa aðgang að. Lýsing á gildishlutverkum (e. normative roles) er að finna í kafla 2.1. Hlutverk sjálfbóðaliða getur í raun verið meira að forminu til en ef félög byggja afkomu sína í auknum mæli á öðrum auðlindum.
- Sjálfbóðaliðar séu nauðsynlegir til að tryggja markaðssvæði félagasamtaka, þ.e.a.s. viðskiptavild og ímynd og þannig öflun annarra auðlinda. Þeir séu þannig mikilvæg óáþreifanleg auðlind þrátt fyrir að hlutverk þeirra við undirbúning og framkvæmd verkefna sé takmarkað.
- Sjálfbóðaliðar geti verið nauðsynlegir sem tímabundin auðlind við hlið annarra. Fram kemur hér að ofan að samtímis því að félög reiða sig í auknum mæli á aðrar auðlindir sé hlutverk sjálfbóðaliða fremur aðstoðarhlutverk (e. auxiliary role), t.d. nýttir í aukaverkefni og/eða tímabundin verkefni svo sem fjársafnanir.
- Sjálfbóðaliðar séu nauðsynlegir félögum á meðan aðrar auðlindir eru ekki fyrir hendi. Augljóst er að ef félag fær ekki bjargir í formi fjárstyrkja verður félagið að sækja vinnuframlag til sjálfbóðaliða til að sinna þeim verkefnum sem því eru ætluð. Talsverður fjöldi félaga starfa innan málaflokks velferðarmála og keppir þar af leiðandi um takmarkaðar auðlindir í formi opinberra fjárveitinga, styrkja einstaklinga og fyrirtækja og félagsgjalda. Algengt er að með tímanum verði bjargir þeirra fjölbreyttari svo sem með tímabundnum styrkjum og framlögum einkaaðila. Með því skapist möguleiki á ráðningu launaðra starfsmanna sem taki við störfum sjálfbóðaliða.

Aðferð

Við skoðun á viðfangsefni rannsóknarinnar, þ.e. mikilvægi sjálfbodaliða sem auðlindar í samamburði við aðrar auðlindir félagasamtaka, voru notuð tvö gagnasöfn höfunda. Hið fyrra byggir á spurningakönnun sem gerð var árið 2011 þar sem m.a. var safnað upplýsingum um starfandi velferðarfélög, þ. á m. um rekstrarumsvif þeirra. Við val á félögum var notast við ÍSAT starfsgreinaflokkun Hagstofu Íslands og flokkun rekstraraðila skv. fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra. Eingöngu voru skoðuð þau félög sem voru með virka starfsemi skv. skilgreiningu höfunda (sjá nánar um spurningalista og úrtak í Fræðasetur þriðja geirans, 2011). Skv. þessari afmörkun voru starfandi 104 félagasamtök árið 2011.² Rekstrareiningar, sem skv. fyrirtækjaskrá eru sjálfseignarstofnanir og starfa á sama vettvangi, eru einnig felldar undir hatt félagasamtaka (um 25% hópsins). Komið hefur í ljós að skil á milli tilgangs félagasamtaka og sjálfseignarstofnana eru óljós hér á landi (Sjá nánari umfjöllun um skilgreiningar í Hrafn Bragason og Ómar H. Kristmundsson, 2011). Svo virðist sem að í einhverjum tilvikum hafi tilviljun eða sögulegar ástæður ráðið því í hvaða formi skipulagsheild var stofnuð.

Seinna gagnasafnið byggir á greiningu sem fram fór haustið 2013 á heimasíðum þeirra félagasamtaka sem tóku þátt í könnuninni 2011. Talið er að internetið sé orðinn mikilvægasti miðill félagasamtaka til almannatengsla, til að kynna starfsemi sína og ná tengslum við framtíðar „viðskiptavin“ (Waters, 2007). Af þessum ástæðum getur heimasíða félags einnig gefið vísbendingu um hvers konar bjargir það leggur áherslu á í starfi sínu; sjálfbodaliða, félaga, styrktaraðila eða annars konar stuðning. Það getur einnig gefið vísbendingu um hversu opið félagið er fyrir nýjum meðlimum. Skoðað var hvort auglýst væri eftir sjálfbodaliðum og þá í hvaða verkefni. Hvort finna mætti upplýsingar um (svo sem í auglýsingum eða fréttum) að þar væru starfandi sjálfbodaliðar. Einnig var skoðað hvort auglýst væri eftir nýjum félögum og ef svo væri hvort unnt væri að skrá sig á heimasíðu. Að lokum var safnað upplýsingum um hvernig styrkja mætti félagið, svo sem með eingreiðslu eða með reglubundnu framlagi styrktarmedlima.

Seinni grunnurinn var samhæfður hinum fyrri þannig að eingöngu þau félög sem voru með í fyrri könnuninni voru skoðuð í síðara tilvikinu. Alls tóku þátt í könnun höfunda 97 af 104 félagasamtökum eða samtals 93%. Úrtakið endurspeglar því afar vel starfandi velferðarfélög á Íslandi miðað við þær forsendur við val sem fram hafa komið.

Þær breytur sem voru skoðaðar má finna í eftirfarandi töflu. Einnig kemur þar fram hvað hver breyta mælir. Allar hafa þær tilvísun í umfjöllun í kafla 2.

Tafla 3. Breytur sem notaðar eru í könnuninni

	Breytur	Um breytuna
Óháðar breytur	Meginhlutverk.	Lýsir einkennum félagasamtaka. Skiptist í félög með þjónustuhlutverk, meðliðamiðuð félög og baráttufélög.
	Ársverk launaðra starfsmanna.	Er mælikvarði á rekstrarumsvif félags en þau eru samofin mikilvægi sjálfbóðaliða, algengt er að með auknum fjölda launaðra starfsmanna breytist vægi sjálfbóðaliða.
	Tekjur vegna: -Framlaga frá hinu opinbera. -Styrkja einkaaðila. -Sölu á vörum og þjónustu.	Sbr. yfirlit í töflu 2. Mælir mikilvægi þessara þriggja flokka tekna. Hver tekjuflokkur er sérstök breyta með tvígildum: Mikill/Lítill hluti tekna úr viðkomandi flokki. Hver hinna þriggja tekjuflokka byggir á fjórum eða fimm tekjustofnum (sjá upptalningu í neðanmálstexta töflu) Undir „Mikill hluti“ falla þau félög sem merktu við að mikill hluti tekna kæmi úr einum eða fleirum af hinum fjórum eða fimm tekjustofnum. Sama aðferð er notuð fyrir félög sem falla undir „Lítill eða enginn“.
Háðar breytur		Sjá yfirlit í kafla 2.1 um verkefni sjálfbóðaliða. Háðu breytur skiptast í tvennt: Sex breytur sem endurspeglar umfang og hlutverk sjálfbóðastarfs og þrjár sem mæla í hve miklum mæli sóst er eftir sjálfbóðaliðum, meðlimum og styrktarmeðlimum.
	Starfandi sjálfbóðaliðar.	Eru sjálfbóðaliða starfandi hjá félaginu óháð verkefnum?
	Meðalfjöldi sjálfbóðaliða.	Meðalfjöldi sjálfbóðaliða, bæði meðaltal og miðgildi.
	Meðalfjöldi sjálfbóðaliða á ársverk.	Meðalfjöldi sem tekur mið af ársverkum launaðra starfsmanna. Félagasamtök með marga sjálfbóðaliða geta einnig haft marga starfsmenn.
	Sjálfbóðaliðar í stjórn að öllu eða mestu leyti.	Mælir umfang stjórnasetu sjálfbóðaliða.
	Sjálfbóðaliðar í fóstum verkefnum að öllu eða mestu leyti.	Mælir umfang annarra fastra verkefna sjálfbóðaliða en stjórnasetu.
	Sjálfbóðaliðar í átaksverkefnum að öllu eða mestu leyti.	Mælir þátttöku sjálfbóðaliða í tímabundnum verkefnum svo sem fjáröflunum.
	Auglýst eftir sjálfbóðaliðum á heimasíðu.	Leggja félög áherslu á öflun nýrra sjálfbóðaliða, hvort sem það er til að sinna fastaverkefnum eða sérstökum átaksverkefnum?
	Auglýst eftir meðlimum á heimasíðu.	Leggja félög áherslu á öflun nýrra meðlima?
	Auglýst eftir styrktarmeðlimum á heimasíðu.	Leggja félög áherslu á öflun styrktarmeðlima sem ekki hafa réttindi og skyldur gagnvart félaginu.

Tekjustofnar: 1. Framlög frá hinu opinbera: a. Styrkir frá ríki (ekki úr sjóðum), b. Styrkir frá sveitarfélögum (ekki úr sjóðum), c. Samningar við ríkið vegna þjónustu sem félagið veitir, d. Samningar við sveitarfélög vegna þjónustu sem félagið veitir, e. Styrkir úr opinberum sjóðum þar sem fjármunum er úthlutað til verkefna á grundvelli umsókna. 2. Framlög frá einkaaðilum: a. Félagsgjöld, b. Styrkir frá einstaklingum, c. Styrkir frá fyrirtækjum, d. Framlög úr styrktarsjóðum einkaaðila. 3. Sala á vöru og þjónustu: a. Greiðsla fyrir þjónustu sem félagið veitir notendum, b. Sala á vörum, c. Tekjur af söfnunarkössum eða lottó og d. Tekjur af happdrætti.

Niðurstöður

Árið 2011 voru um 84% velferðarfélaganna með sjálfbóðaliða (sjá töflu 4). Fjöldi sjálfbóðaliða að baki hverju félagi er breytilegur en að jafnaði 242. Meðaltal gefur hins vegar ekki rétta mynd vegna nokkurra fjölmennra sjálfbóðaliðahreyfinga. Miðgildi er verulega lægra, eða 12. Fyrsta fjórðungsmark er einungis 6 og þriðja 30. Eingöngu 9 félög eða rúmlega 1 af hverjum 10 eru með fleiri en 50 sjálfbóðaliða að jafnaði. Tvö félög hafa sérstöðu hvað varðar sjálfbóðaliða í föstum verkefnum. Það er annars vegar Slysavarnarfélagið Landsbjörg sem var með um 3500 sjálfbóðaliða árið 2011 og hins vegar Rauði kross Íslands með tæplega 3700 sjálfbóðaliða á sama tíma. Þetta eru einnig þau félög sem leggja mikla áherslu á sjálfbóðið starf í verkefnum sínum.

Algengast er að sjálfbóðaliðar séu eingöngu í stjórn félags eða í 8 af 10 tilvikum. Hlutfallslega fáir sinna öðrum föstum verkefnum félagsins. Í 45% tilvika sinna sjálfbóðaliðar að öllu leyti átaksverkefnum og 35% að miklu leyti.

Tafla 4. Sjálfbóðaliðar íslenskra velferðarfélaganna 2011

		Fjöldi	Gild %	
Starfa sjálfbóðaliðar?	Sjálfbóðaliðar eru starfandi	81	83,5	
	Sjálfbóðaliðar eru ekki starfandi	16	16,5	
	Samtals	97	100,0	
Hvað starfa margir sjálfbóðaliðar að jafnaði?	Meðaltal	242	---	
Fyrstu fjórðungsmörk	Miðgildi	12	---	
	Þriðju fjórðungsmörk	30	---	
	Lægsta gildi	3	---	
	Hæsta gildi	3700	---	
	Fastaverkefni sjálfbóðaliða	Sjálfbóðaliðar sitja eingöngu í stjórn	54	80,6
Lítill hluti sjálfbóðaliða í öðrum fastaverkefnum		7	10,4	
	Stór hluti í öðrum fastaverkefnum	6	9,0	
Vantar upplýsingar	Ekki starfandi sjálfbóðaliðar	12	---	
	Samtals	97	100,0	
	Átaksverkefni	Að öllu leyti	40	45,5
	Að miklu leyti	32	35,4	
	Að litlu leyti	9	10,2	
Að engu leyti		7	8,0	
	Vantar upplýsingar/Ekki starfandi sjálfbóðaliðar	28	---	
Samtals		97	100,0	

Við greiningu á heimasíðum félaganna haustið 2013 kemur fram að einungis hjá 11

félögum, eða einu félagi af hverjum 10, er sérstaklega auglýst eftir sjálfboðaliðum (sjá töflu 5). Nær eingöngu er auglýst eftir sjálfboðaliðum vegna fjáröflunar og annarra átaksverkefna en ekki til stjórnarsetu eða annarra fastra verkefna. Í tæplega 4 af hverjum 10 tilvikum er auglýst sérstaklega eftir nýjum meðlimum á heimasíðu, en 2 af 10 eftir styrktarmeðlimum sem venjulega hafa ekki þau réttindi og skyldur sem fylgir því að vera fullgildur meðlimur. Í helmingi tilvika er auglýst eftir einstökum fjárframlögum.

Tafla 5. Eftir hvaða auðlindum sækjast velferðarfélög skv. heimasíðum þeirra?

		Fjöldi	Gild %
Er auglýst eftir nýjum sjálfboðaliðum á heimasíðu félags?	Já	11	12,2
	Nei	79	87,8
	Samtals	90	100,0
	Vantar upplýsingar/Ekki heimasíða	7	---
Er auglýst eftir nýjum meðlimum á heimasíðu félags?	Já	35	38,0
	Nei	57	62,0
	Samtals	92	100,0
	Vantar upplýsingar/Ekki heimasíða	5	---
Er auglýst eftir styrktarmeðlimum (reglubundnum framlögum)?	Já	19	21,3
	Nei	70	78,7
	Samtals	89	100,0
	Vantar upplýsingar/Ekki heimasíða	8	---
Er auglýst eftir einstökum styrktarframlögum?	Já	46	51,9
	Nei	43	48,1
	Samtals	89	100,0
	Vantar upplýsingar/Ekki heimasíða	8	---

Í samræmi við umfjöllun í kafla 2 má búast við að eiginleikar félaga, sem endurspeglast í meginhlutverki þeirra og stærð mældri í ársverkum launaðra starfsmanna, hafi áhrif á í hve miklum mæli félög nýta sér sjálfboðaliða. Í töflu 6 koma fram helstu niðurstöður. Ekki er mikill munur á þátttöku sjálfboðaliða eftir meginhlutverki félagasamtaka. Öll meðlimamiðuð félög eru með starfandi sjálfboðaliða, 9 baráttufélög og 8 þjónustufélög af hverjum 10. Þjónustumiðuð félög eru að jafnaði með fleiri sjálfboðaliða, eða 20 (miðgildi), meðlimamiðuð félög með 6 en baráttufélög með 11. Þessi hlutföll snúast við þegar tekið er tillit til ársverka félaganna. Þá eru þjónustufélög með tæplega 4 sjálfboðaliða á ársverk (miðgildi), meðlimamiðuð með 6 en baráttufélög með 9.

Tafla 6. Eiginleikar velferðarféлага og þátttaka sjálfboðaliða

		Heild (Fjöldi%)		Starfandi sjálfboðaliðar (%)	Sjálfboðaliðar í stjórn (%)	Sjálfboðaliðar í fóstum verkefnum (%)	Sjálfboðaliðar í átaksverkefnum (%)	Meðal-fjöldi sjálfboðaliða (\bar{x}/Md)	Fjöldi sjálfboðaliða á ársverk (\bar{x}/Md)
Megin- hlutverk	Þjónustuhlutverk	55	57,3	78,3	67,3	47,1	56,9	439/20	45,6/3,7
	Meðlimamiðað	19	19,8	100,0	94,7	84,2	88,9	10/6	7,4/6,0
	Barátta	22	22,9	88,9	95,5	68,2	85,7	17/11	13,8/9,0
	χ^2 /Eta	---	---	7,767	11,049	8,795	9,719	0,261	0,154
	Df	---	---	2	2	2	2	---	---
	Sig.	---	---	,051a,	,004a,*	,062	,008*	0,109	0,486
Ársverk	Eitt eða færri	21	22,6	100,0	95,2	85,7	90,0	16/8	20,6/10,0
	$\bar{X}=28,8$	33	35,5	93,1	90,9	59,4	80,6	159/16	37,0/5,0
	$Md=3,5$	13	14,0	70,0	69,2	33,3	33,3	523/11	65,1/2,0
	11-50	15	16,1	53,8	53,3	60,0	60,0	606/50	22,9/3,9
	51 eða fleiri	11	11,8	88,9	54,5	33,3	44,4	469/10	4,4/0,1
	χ^2 / rs	---	---	12,121	16,525	11,962	16,32	0,196	-0,479
	Sig.	---	---	,019a,*	,001a,*	,016*	,001*	0,621	0,001*
<i>Teikjur vegna:</i>									
Framlaga frá hinu opinbera	Lítlar/engar	37	38,1	86,5	83,8	73,0	81,1	296/16	47,0/7,3
	Mikill hluti	60	61,9	81,7	76,7	51,8	63,0	206/11	20,1/5,0
	χ^2 /Eta	---	---	0,386	0,708	4,175	3,454	0,054	0,119
	Df	---	---	1	1	1	1	---	---
	Sig.	---	---	0,534	0,400	,041*	0,063	0,661	0,348
Styrkja einkaðila	Lítlar/engar	52	53,6	76,9	67,3	51,0	61,7	277/8	26,5/2,5
	Mikill hluti	45	46,4	91,1	93,3	70,5	79,5	211/19	34,2/8,0
	χ^2 /Eta	---	---	3,526	9,983	3,655	3,467	0,041	0,035
	Sig.	---	---	0,060	,002*	0,056	0,063	0,741	0,784
Sölu á vörum/þjónustu	Lítlar/engar	62	63,9	82,3	75,8	60,3	75,0	168/20	31,5/6,0
	Mikill	35	36,1	85,7	85,7	60,0	62,9	353/8	29,4/8,0
	χ^2 /Eta	---	---	0,194	1,342	0,001	1,522	0,112	0,009
	df	---	---	1	1	1	1	---	---
	Sig.	---	---	0,66	0,247	0,974	0,217	0,365	0,944

Fyrstu 2 dálkarnir lýsa heildarhlutföllum (samtals 100%), næstu fjórir hlutföllum (%) hvers gildis og síðustu tveir meðaltölum hvers gildis. Notast er við kí-kvaðrat, eta-, og spearman rho próf, þau síðarnefndu fyrir meðaltalsbreyturnar. Samband ársverka og háðu breytanna var prófað á grundvelli fjögurra gilda en ekki fimm eins og fram kemur á töflunni („11-50“ og „51 og fleiri“ voru sameinaðir til að tryggja nægjanlegan fjölda í hverjum reit). * felur í sér marktækan mun miðað við 0,05. a Meira en 20% reita með væntitíðni innan við 5.

Nær öll meðlimamiðuð félög og baráttufélög eru með sjálfboðaliða í stjórn að öllu eða mestu leyti en 2/3 þjónustufélaga (martækur munur skv. kí-kvaðrat prófi). Greinanlegur munur er einnig milli þessara tegunda félaga varðandi það hvort sjálfboðaliðar eru í föstum verkefnum eða átaksverkefnum. Tengsl síðarnefndu breytunnar og meginhlutverks eru marktæk. Greinanleg en ómarktæk fylgni er milli meginhlutverks og meðalfjölda sjálfboðaliða skv. eta-prófi.

Ársverk velferðarfélaga voru að jafnaði 29 en miðgildi einungis 3,5. Öll félög með fæstu ársverkin eru með sjálfboðaliða en hlutfallið fer síðan lækkandi eftir því sem ársverkum fjölgar þar til kemur að fjölmennustu félögunum, með fleiri en 50 ársverk. Aftur eru það nokkur félög sem sérstaklega leggja áherslu á sjálfboðastörf en eru með mörg ársverk sem hafa áhrif á hlutfallið.

Þegar skoðaður er fjöldi sjálfboðaliða á ársverk kemur fram að fjöldinn lækkar verulega eftir stærð félaga mælt í ársverkum eða frá 10 hjá þeim fámennustu niður í 0,1 hjá þeim fjölmennustu (miðgildi). Í samræmi við þessar tölur er marktæk neikvæð fylgni (r) er milli *breytanna*. Svipaðar tölur eru að finna hvað varðar hlutfall sjálfboðaliða í stjórn, fastaverkefnum og átaksverkefnum, þar fækkar þeim frá því að vera nær 100% niður í um helming meðal þeirra fjölmennustu.

Hjá 62% félaga eru framlög frá hinu opinbera mikilvægur tekjustofn. Félög sem byggja á opinberum framlögum eru með færri sjálfboðaliða á ársverk og sjaldnar með þá í föstum verkefnum. Ekki er þó um að ræða marktækan mun. Hjá tæplega helmingi félaga eru styrkir frá einkaaðilum mikilvægur tekjustofn. Öfugt við framlög frá hinu opinbera eru hlutfallslega fleiri sjálfboðaliðar meðal þeirra félaga sem byggja afkomu sína að miklu leyti á framlögum frá einkaaðilum. Meðal 36% félagasamtaka er sala á vörum og þjónustu mikilvæg tekjulind. Ekki er samband milli þeirra og hinna sem ekki nýta sér þann tekjustofn hvað varðar nýtingu á framlagi sjálfboðaliða.

Í stuttu máli benda ofangreindar niðurstöður til að þótt sjálfboðaliðar starfi hjá flestum velferðarfélögum séu þeir ekki mikilvæg auðlind hjá þorra velferðarfélaga. Fjöldi sjálfboðaliða er afar takmarkaður nema hjá örfáum rótgrónum félögum sem sérstaklega leggja áherslu á stjórnun og skipulag sjálfboðaliða. Þegar tekið er tillit til ársverka launaðra starfsmanna er hlutfallslegur fjöldi sjálfboðaliða á hvert ársverk meðal stærri félaga lítill. Hlutfallið fer minnkandi eftir því sem rekstrarumsvif mæld í ársverkum verða meiri, m.ö.o. eftir því sem félag verður stærra því hlutfallslega minna verður framlag sjálfboðaliða. Hjá þorra félaga eru verkefni sjálfboðaliða að mestu bundin við stjórnarsetu og sérstök átaksverkefni svo sem fjáraflanir. Hjá félögum með lítill rekstrarumsvif og fáa starfsmenn eru þó sjálfboðaliðar í fjölbreyttari verkefnum. Einnig nýta meðlimamiðuð félög sér oftast sjálfboðaliða í öðrum föstum verkefnum fremur en þjónustumiðuð félög. Í auglýsingum á heimasíðu er sjaldgæft að félög sækist eftir sjálfboðaliðum vegna fastra verkefna. Oftast er auglýst eftir meðlimum, þar á meðal styrktarmedlimum sem ekki hafa þau réttindi og skyldur sem fylgja hefðbundinni félagsaðild.

Ekki eru afgerandi tengsl milli framlags sjálfboðaliða og annarra auðlinda ef frá eru talin ársverk launaðra starfsmanna. Þó má greina meiri þátttöku sjálfboðaliða meðal þeirra félaga sem í miklum mæli byggja á framlagi einkaaðila. Ekki virðist vera um slíkt

samband að ræða hvað varðar styrki og þjónustuframlög frá hinu opinbera sem er mikilvægasta tekjulind velferðarfélaga.

5. Umræður og lokaorð

Á niðurstöðum rannsóknarinnar verður ekki séð að framlag sjálfbodaliða sé mikilvægur hluti af starfsemi þorra velferðarfélaga á Íslandi. Undan er þó skilin seta þeirra í stjórn og í átaksverkefnum. Á grundvelli niðurstaðna verður ekki fullyrt um virkni stjórna, í hve miklum mæli sé um að ræða svokallaðar „stimpilstjórnir“ sem í raun staðfesta fyrst og fremst ákvarðanir sem launaðir starfsmenn hafa tekið og hvort tilvist þeirra byggji fremur á sögulegum ástæðum en nauðsyn (Ómar H Kristmundsson, 2008). Utan stjórnarsetu virðast sjálfbodaliðar vera nýttir sem „hreyfanlegt vinnuafll“ við hlið annarra auðlinda svo sem vegna tímabundinna fjáraflana. Félagasamtök sem ekki hafa aðgang að öðrum auðlindum (svo sem „ung“ félög) þurfa augljóslega að byggja á sjálfbodastarfi en eftir því sem aðrar auðlindir verða aðgengilegar minnkar umfang þess. Þetta á þó ekki við um félög sem vegna eðli starfseminnar þurfa ekki á öðrum auðlindum að halda nema í litlum mæli svo sem sum meðlimamíðuð félög. Á grundvelli gagnanna er erfitt að meta hversu miklu máli sjálfbodaliðar skipta fyrir ásýnd og viðskiptavild félaga og þarafleiddandi markaðssvæði þeirra. Samband milli þátttöku sjálfbodaliða og framlaga einkaaðila gæti þó bent til að svo sé.

Niðurstöðurnar eru í takti við alþjóðlega fræðilega umræðu. Umbreyting fjölda-hreyfinga sem byggðu á starfi sjálfbodaliða, í rekstrarfélög fagfólks þar sem þátttaka áhugafólks í ákvarðanatöku eða í verkefnum er talin óþörf, hefur verið talin einkenna þróun félagasamtaka víða um heim (Skocpol, 2003). Hún hefur skírskotun til hugmynda Putnams (2000) og fleiri aðila um minnkandi félagsþátttöku á Vesturlöndum sem aftur er talin endurspeglar neikvæðar breytingar á félagstengslum í vestrænum samfélögum. Með aukinni þátttöku félagasamtaka í opinberri þjónustu hefur orðið til blönduð velferðarþjónusta (e. welfare mix) sem auk þeirra er í höndum einkafyrirtækja og opinberra stofnana (Hustinx, Handy & Cnaan, 2010). Greina má þessa þróun í engilsaxneskum löndum og hún er orðin algengari á Norðurlöndum í kjölfarið á breyttum stjórnunarháttum eins og nýskipunar í ríkisrekstri og aukinnar áherslu á þjónustusamninga, útboð og eftirlit (Russel & Scott, 1997; Wijkström & Zimmer, 2011). Í þessu nýja starfsumhverfi fagræðis er óvíst hversu mikil eftirspurn er eftir sjálfbodastarfi og jafnframt er óljóst hvort lýðræðisleg vinnubrögð einkenni starf þeirra. Hér má hafa í huga að sögulega hafa íslensk velferðarfélög verið vettvangur lýðræðislegrar þátttöku í anda hugmynda sem rekja má til Tocqueville (Ómar H Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir, 2011). Með þessari þróun getur því skapast alvarlegur tilvistarvandi félagasamtaka og spurningar vaknað um hver sé í raun sérstaða þeirra í samanburði við önnur rekstrarform.

Ekki verður séð af alþjóðlegum rannsóknum að áhugi fólks á sjálfbodastarfi hafi minnkað á undanförunum áratugum þrátt fyrir ofangreinda þróun (Wilson, 2012). Forsendur þátttöku hafa hins vegar breyst. Sjálfbodaliðar virðast velja sér félag í meira mæli á grundvelli persónulegrar reynslu og eigin hagsmuna (Hustinx & Lammertyn, 2003). Áhugi virðist frekar beinast að tímabundnum verkefnum í þágu málefnis en tiltækis

félags. Þetta vekur spurningar um það hvort hefðbundið félagaform félagasamtaka sé úreitt. Í þessu samhengi virðast tímabundin og sveigjanleg samskiptaform um einstök málefni mæta betur þörfum einstaklinga. Það er ekki síst samfélagsmiðlar sem virðast nýtast í þeim tilgangi að virkja krafta fólks með sameiginleg gildi og markmið. Þörf er á frekari rannsóknum til að greina betur þessar breyttu forsendur fyrir sjálfboðastarfi félagasamtaka.

Aftanmálgreinar

- 1 Gestir Páli Reynissyni stjórnsýslufræðingi er þökkun aðstoð við gagnaöflun.
- 2 Upphaflega voru í úrtakinu 114 en við endurskoðun á úrtaki voru teknar út þær starfseiningar sem voru hluti af regnhlífarsamtökum og voru vegna eðlis verkefna eingöngu með launað starfsfólk.

Heimildir

- Anheier, H.K. (2005). *Nonprofit organizations: Theory, management, policy*. London & New York: Routledge.
- Anheier, H.K. (1998). Social origins of civil society: Explaining the nonprofit sector cross – nationally. *Voluntas*, 9 (3), 213-247.
- Barney, J. (1991). Firm resources and sustained competitive advantage. *Journal of Management*, 17(1), 99-120.
- Bourdieu, P. (2002). The Forms of capital. Í J. Richardson (ritstj.), *Handbook of theory and research for the sociology of education* (bls. 241-258). Westport. Greenwood Press.
- Buckingham, H. (2009). Competition and contracts in the voluntary sector: exploring the implications for homelessness service providers in Southampton. *Policy & Politics*, 37 (2), 235-254.
- Coleman, J.S. (1988). Social capital in the creation of human capital. *American Journal of Sociology*, 94, 95-121.
- Enjolras, B. (2002). The Commercialization of voluntary sport organizations in Norway. *Nonprofit and Voluntary Sector Quarterly*, 31(3), 352-376.
- Froelich, K. (1999). Diversification of revenue strategies: Evolving resource dependence in nonprofit organizations. *Nonprofit and Voluntary Sector Quarterly*, 28(3), 246-268.
- Fræðasetur þriðja geirans (2011). *Könnun á áhrifum efnahagsástandsins á starfsambverfi og rekstur félagasamtaka og sjálfseignarstofnana í velferðarþjónustu 2010*. Óútfærin skýrsla.
- Grant R. (1991). The Resource-based theory of competitive advantage: Implications for strategy formulation. *California Management Review*, 33(3), 114-135.
- Guo, B. (2006). Charity for profit? Exploring factors associated with the commercialization of human service nonprofits. *Nonprofit and Voluntary Sector Quarterly*, 35(1), 123-138
- Handy, C. (1988). *Understanding voluntary organizations: How to make them function effectively*. New York: Penguin publishing.
- Hannan, M., Carroll, G., & Pólos L. (2003). The organizational niche. *Sociological Theory*, 21(4), 309-340.
- Hrafn Bragason og Ómar H. Kristmundsson. (2011). Réttarumhverfi félagasamtaka á Íslandi. *Tímarit stjórnsýslu og stjórnmála*, 7(2), 436-449.
- Hudson, M. (2002). *Managing without profit: the art of managing third-sector organizations*. London: Directory of Social Change.
- Hustinx, L., Handy, F., & Cnaan, R.A. (2010). Volunteering. Í R. Taylor (ed.), *Third sector research* (bls. 73-89). New York: Springer.
- Hustinx, L. & Lammertyn, F. (2003). Collective and reflexive styles of volunteering: A Sociological modernization perspective. *Voluntas*, 14 (2), 167- 187.
- Kraaijenbrink J. & Groen A. (2008). Towards a functional resource-based theory of the firm. Paper presented at the SMS 28th Annual International Conference, Cologne, Germany. 12-15. Oct.

- Lie M. & Baines S. (2007). Making sense or organisational change: The Voices of older volunteers. *Voluntas*, 18(3), 225-240
- Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir. (2012). Þróun og einkenni þriðja geirans í velferðarþjónustu. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.), *Þróun velferðarinnar 1988-2008* (bls. 107-123). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir. (2011). Félagasamtök og sjálfseignarstofnanir sem starfa að velferðarmálum á Íslandi. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 2 (7), 445-463.
- Ómar H. Kristmundsson. (2008). Stjórnskipulag félagasamtaka. Í Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir (ritstjórar), *Stjórnun og rekstur félagasamtaka*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Putnam, R.D. (2000). *Bowling alone: The collapse and revival of American community*. New York: Simon & Shuster.
- Russell, L. and Scott, D. (1997). *Very active citizens? The Impact of contracts on volunteers*, Manchester: University of Manchester, Department of Social Policy and Social Work.
- Skocpol, T. (2003). *Diminished democracy: From membership to management in American civic life*. Norman: University of Oklahoma Press.
- Stefán Ólafsson. (2012). Velferðarríkið og þróun velferðarútgjaldanna. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstj.). *Þróun velferðarinnar 1988-2008* (bls. 29-46), Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Steinberg, R. & Weisbrod, B.A. (1998). Pricing and rationing by nonprofit organizations with distributional objectives. Í Weisbrod, B.A. (ritstj.), *To Profit or not to profit: The commercial transformation of the nonprofit sector*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2008). Frjáls félagasamtök og sjálfbodaliðastörf á Íslandi. Í Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnisdóttir (ritstjórar), *Stjórnun og rekstur félagasamtaka* (bls. 21-41). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Studer, S. & von Schnurbein, G. (2013). Organizational factors affecting volunteers: a literature review on volunteer coordination. *Voluntas*, 24 (2), 403-440
- United Nations. Statistical Division. (2003). *Handbook on non-profit institutions in the system of national accounts*. New York: United Nations.
- Waters, R. (2007). Nonprofit organizations' use of the internet. A content analysis of communication. Trends on the internet sites of the philanthropy 400. *Nonprofit Management & Leadership*, 18(1), 59-76.
- Wijkström, F. & Zimmer, A. (2011). Introduction: Nordic civil societies beyond membership and movements. Í F.Wijkström & A. Zimmer (eds.), *Nordic civil society at a cross roads. Transforming the popular movement tradition* (bls. 9-24). Germany: Nomos & CINEFOGO.
- Wilson, J. (2012). Volunteerism research: A review essay. *Nonprofit and Voluntary Sector Quarterly*, 41(2), 176-212.
- Wilson, C., Hendricks, A.K., Smithies, R. (2001). Lady bountiful and the virtual volunteers. The Changing face of social service volunteering. *Social Policy Journal of New Zealand*, 17, 124-145.
- Young D. & Salamon L. (2002). Commercialization, social ventures, and for-profit competition. Í L. Salamon (ed.), *The State of nonprofit America*. Washington DC.; Brookings Institution Press.
- Yuctman, E. & Seashore S. (1967). A System resource approach to organizational effectiveness. *American Sociological Review*, 32 (6), 891-903.